

**Almennur kynningarfundur rammaáætlunar**  
**Iðusölum, Reykjavík, 21. apríl 2010.**  
**Fundarfrásögn: Helga Barðadóttir**

Fjöldi: Um 20 gestir, auk 8 fulltrúa úr verkefnisstjórn + 2 starfsmenn

Svanfríður flutti stuttan inngang að verkefninu og starfinu og lagði áherslu á að umsagnarferli sé í fullum gangi til 3. maí n.k. og hægt sé að koma fram formlegum athugasemdum til verkefnisstjórnar þangað til.

Jafnframt ítrekað að mikið efni sé að finna á heimasíðu verkefnisins.

Skýrt tekið fram eins og á fyrri fundum, að skráð sé fundarfrásögn sem nýtt verði við lokaröðun verkefnisstjórnar.

Guðni kynnti vinnu faghóps IV, Daði Már Kristófersson kynnti niðurstöður faghóps III, Anna faghóps II og að lokum kynnti Þóra Ellen niðurstöður faghóps I.

Þóra svararði í sinni kynningu nokkuð þeirri gagnrýni sem sett hefur verið fram á aðferðarfærði faghóps I og skýrði forsendur fyrir vinnu faghópsins.

#### **Már pétursson**

Til form.

Langar að fá að sjá frumvarpið

Til orkum. stjr.

Langar að fá upplýsingar um hönnun og önnur slík atriði varðandi umfang virkjunar.

Gerir athugasemdir við notkun örnefna -brá þegar form. fagh. II sagði að Auðkúluheiði hefði lítið aðdráttarafl, hvað með Hveravelli? Segir þá vera á heiðinni þar sem heiðin nær að vatnaskilum.

#### **Halla Gunnarsdóttir**

Þakkar fyrir fundinn

Lýsir yfir áhyggjum um af kapitalískum grunnforsendum matsins og að þegar ferlið klárast þá verði lítið á niðurstöðurnar sem algildan sannleika.

Þrjár spurningar:

1. er í ferlinu hugað að kynjuðum áhrifum, svo sem hvaða störf skapast,
2. Samfélagsleg áhrif – þau áhrif sem orðið hafa í kjölfar stórra framkvæmda þar sem lítil samfélög klotna bæði fyrir austan og við Þjórsá er þetta einhversstaðar tekið inn í umfjöllunina
3. Hvernig verður vinnan leidd héðan af.

#### **Aðalheiður Jóhannesdóttir**

Segir vinnuna hafa þroskast mikið frá því hún heyrði fyrstu kynningar á verkefninu þegar það vara að fara af stað.

praktísk fyrirsp. til PEP

Gátlisti og niðurst. aðgl.

Segist hafa verið að reyna að átta sig á þessu öllu saman – hvað tekur við?

Þessu lýkur á einhverjum tímapunkti

Hvernig verður ákvarðanatökan í kjölfarið – hver tekur ákv. á hvaða lagagrundvelli. Eru þær bindandi?

Hvað með borgarana?

Takmarkanir í lög búa til ramma þannig að það verði bara peningalegar áhyggjur sem ráði ferðinni.

Byggir á einfaldri ráðherraákvörðun án lagalegs grunns.

Er búið að hugsa þetta til enda, uppl. ekki syknkroniseraðar. Vantar einfalt yfirlit yfir alla hópana og þeirra vinnu.

Ef ekki lagl. gildi hvað þá?

### **Gestur Ólafsson**

Þakkar fyrir fundinn.

„Easy bit“ í ákvörðunum um landnotkun og landnýtingu

Tekur undir áhyggjur Aðalheiðar um það hvernig þetta veðru leitt til lykta. Í upphafi skyldi endinn skoða.

Varhugavert að fara í svona vinnu án þess að horfa á endann.

Hvað er átt við með „frumvarp um verndun og nýtingu“

1982 var skipulagsvald fært til sveitarfélaganna og nú er á þeirra valdsviði að taka ákvarðanir um skipulag og landnýtingu.

Hér er um að ræða skipulag ofan frá, varhugavert að hafa ekki fólkið/grasrótina með.

Erfitt að bíða eftir því að rannsaka allt til hlítar og kallar því eftir hugmyndum um það hvernig eigi að leiða þetta til lykta.

### **Bergur Sigurðsson**

Samskiptalíkan aðalþættir atvinnulíf, efnahagslíf er of atvinnu- og peningalega miðað.

Af hverju eru línuleiðir ekki með – hvaða áhrif hefur það á niðurstöður fagh. 2

Veiðar beit og útivist – lagt fjárhagslegt mat á niðurstöður?

landnýtingarmöguleikar, náttúruvernd sem landnýting

Á kortinu eru mörg svæði sem þegar hafa verið vernduð

Hvers vegna er verið að skoða hvort á að vernda Öskju, af hverju allt undir sem á að vernda?

Er ekki sátt um að það sem hefur verið virkjað verði áfram virkjað?

Jafningjamódelið – er aðferðafræði fagh. III viðurkennd fræði.

Þingflokksfundir verður kynningarfundur fyrir þingheim?

### Svanfríður

Kynningarfundur fyrir alla þingflokka á síðasta ári sem allir flokkar þáðu.

Þar kom skýrt fram að verkefnisstjórn gæti haldið frekari kynningar yrði eftir því kallað.

Verið mat RA að nauðsynlegt væri að þingmenn yrðu vel upplýstir.

### **Mörður Árnason**

Telur þetta merkilegt verkefni

Telur sig skilja ágætlega niðurstöður 1,2 ,og 4 en ekki hvað fagh. 3 gerðip

Hvar sem virkjað verður verða áhrifin alltaf mest í Reykjavík.

Vísar í því sambandi á Kárahnjúkavirkjunar sem hafi átt að bæta ástandið fyrir austan.

Sýnist á plagginu að þar sé verið að meta hvaða verkefni hafi mestar mögulegar breytingar í för með sér

Setur fram líkingar við sprengjur og flokkar sprengjur eftir áhrifum

Er þannig með sprengjumr að þæg geta verið fínar en ekki sé þeim misbeitt.

Misgóðar í atvinnulífi.

Telur fagh. 3 gefist upp á öðru en því að meta sprengjur hvað varðar stærð en ekki hvernig þær komi við atvinnulíf svo sem á höf.b.sv. eða atvinnulíf á einstökum stöðum.

Það skiptir máli varðandi heildarniðurstöðurnar.

Fagh. 3 og 4 náð að einhverju leyti saman. Annars vegar eftir arðsemismati og hins vegar á sprengjumatinu . Arðsemi + sprengjumat sé betra en arðsemi og lítið sprengjumat.

### **Auður Alfífa Ketilsdóttir**

Finnst snúið að skoða niðurstöður sem náttúruvernd þegar alltaf er verið að skoða virkjunarkost.

1 og 2 röðuðu frá sísta kosti til þess skásta, sem vísar til náttúruverndar.

Umræða um náttúruvernd um náttúruvernd á Íslandi í heild út frá þessari skýrslu

### Svanfríður

Þetta er ekki náttúruverndaráætlun!

### **Björgúlfur Thorsteinsson**

Er að koma frá aðalfundi samtaka atvinnulífsins. Form. SA hafi vísað í Ramma og hnýtt í umhverfisráðherra vegna friðlýsingar Gjástykkis.

Álit SA að ef Gjástykki yrði friðlýst þá væri það bara til að koma í veg fyrir stóriðju.

Af hverju verið að raða bæði vatni og jarðhita í einn lista, vill hafa tvo lista

### **Sturla Fanndal Birkisson**

Hefði mátt vera meiri samdráttur í skýrslunni

Til orkumstj.

Telur mat á orkugetu svæða byggja á gömlum sannindum

Skýtur skökku við að þjóðin hafi ekki lagt í að kanna djúpborun. Gæti leyst vandamálin sem margir lýsa að við röskuðum færri svæðum.

Telur vatna 3. víddina í orkuöflun (skáborun?)

Til Þóru

Væri hægt að horfa á þessu svæði þannig að hægt væri að koma þar fyrir einhverju mannlegu, svo sem kömrum og jafnvel virkjunum?

Skilja ekki að hægt er að fara neðanjarðar og langt - 14 km heimsmet að bora lárétt

Gott dæmi er umsókn LV vegna Þeystareykja þar er ekki gerð tillaga um borplön til að minnka þau sævæði sem verða fyrir áhrifum.

Finnst vanta stór svæði svo sem Kötlu og Eyjafjallajökul í matið

## Svanfríður.

Til Mús:

Frumv. enn í drögum, hefur ekki verið birt og því ekki opið almenningi. Þingmenn að fjalla um frumvarpið, verði grunnur að bæði nýtingu og verndun

Til Aðalheiðar

hver er lagaleg forsenda hvert höldum við og hver er grundvöllurinn vinnan hefur ekki merkilegan grundvöll, var ákv. af rh og ríkisstjórn en engin lagastoð til. Þegar niðurst. 1. áfanga komu var spurt hvaða stöðu vinnan hefði. Því voru niðurstöðurnar að þetta fengi lagalega stoð. Því hugmynd að frumvarpi að fyrirmynd Norðmanna. Veldur verkefnisstj. miklum áhyggjum að frumv. sé ekki komið lengra og þar með yrðu komnar leiðbeiningar um það hvernig eigi að halda áfram. Ef það kemur ekki fram þá hefur þessi vinna enga stöðu. Erum í miðri á – erum bara að kynna niðurstöður faghópanna, líka lýsingar á virkjanakostunum.

Til Gests.

Skilur áhyggjur hans þar sem hann veit hvernig hugmynd um landsáætlun fór þó nú sé verið að vinna hana eitthvað breytta. Ramminn verði eitt lagið í skipulagsferlinu, en ljóst að svona áætlun eins og RA mun fara inn á skipulagsvald sveitarfélag, virkjanir hafa aldrei verið alfarið á höndum sveitarfélaganna, ákvörðunarvald kemur annars staðar frá að upp. ákv. skilyrðum.

Ákvarðanir verð í raun teknar af Alþingi þar sem áætlunin verður samþykkt þ.e. þingsályktunartexti sem þingið tekst á um þ.e. tillögu texta verkefnisstjórnar.

Aðalheiður

Þingsályktun bindur ekki og hefur ekki lagagildi. hefur áhyggjur af næsta skrefi þegar ákv. er tekin af viðk. stjórnvaldi. á endanum er það alltaf að það vantar stjórnvald sem tekur ákvöðrun. Svanf. tekur fram að þetta er ekki náttúrverndaráætlun eins og sumir virðast halda og eins að þetta sé of virkjanamiðað, en þessi vinna gengur út á það að skoða svæði þar sem virkjanir eru möguleiki en ekki víst að það verði veruleiki þar sem það geti eins orðið tilfellið að þetta verði friðað.

## Daði

frábærar athugasemdir og færabærar spurningar frá Merði stórt er ekki endilega betra en lítið og telur að Mörður skilji hugm. fær. Fer alltaf eftir aðstæðum og bendir á að menn hafi gefist upp í 1. áf. sprengikrafturinn margar litlar sprengjur geta verið jafn slæmar og ein stór. Orkuþarfir kaupandans sem stýrir því hversu mikið er virkjað en ekki afl sem sótt er á hvern stað. Við núverandi aðstæður gætu mikil áhrif verið góð þ.e. stór tala góð og gæti komið frá mörgum litlum kostum. Hefði átt að vara menn alvarlega við Kárahnjúkavirkjun vegna aðstæðna í þjóðfélaginu. Nauðsynlegt að meta aðstæður í þjóðfélaginu. Verkefni fagh. hefur verið stýft af öllu sem heitir umhverfi - Þóra vék að því að meta hagrænt mat á náttúru og því verður mat 3. hóps svolítið þröng.

Neikvæðu afleiðingar fara eftir aðst. í hagkerfinu.

Ekki lagt mat á hvað landið kostar eða hvað ferðapjónustan myndi hafa inn.

Ekkert gildismat í röðuninni.

Ekki kynjuð vídd í matinu og það geta verið neikvæð áhrif á lókal samfélög sem erfitt er að meta fyrirfram.

Varðandi ritrýnina – aðferðafræðin er mjög vel þekkt í og mikið til um hana – litteratúrinn góður

### Guðni.

Uppl. um alla virkjanakosti á heimasíðu rammaáætlunar

Til Höllu: varðandi kapítaliskar grunnforsendur. Telur hagkv. ekkert sérstaklega kapitlaískt viðmið.

Virkjanakostur er mikilvægur parameter en sér ekki aðra leið til að velja virkjun út frá efnahagslegum grunni, bara 3 og 4 en ekki 1 og 2 og reynt að gæta jafnvægis.

Gestur og skipul. mál

Hefur komið fram víða hvernig ákvarðanaferlið og hvar á að byggja virkjun. RA á bara að segja til um hvar sé hægt að byggja en sveitarf. veitir framkvæmdaleyfi.

Í Mývatnssveit hafði það sama gerst varðarni byggingu skólahúss og þannig er bara lýðræðið, en við það búum við þó það sé erfitt.

Getur verið spurning í hvaða átt röðunin á að fara.

Sturla – erum að fjalla um kosti og göngum út frá tækni og línulögnum, strengir taka við af loftlögnum, erum að bora dýpra og lengra lárétt og allt þetta hefur áhrif á möguleika varðandi það á byggja virkjun.

Telur ráð að halda sérstakan fund um Gjástykki, erum ekki að tala um að skemma jarðsöguminjar.

Truflar virkjun á Nesjavöllum upplifun og sjónræn áhrif á Þingvöllum.

(Diddi: Mývetningar klofnir vegna stóriðju)

### Anna

Biður alla unnendur Auðkúluheiðar afsökunar.

Í stað nr. eru notuð nöfn/örnefni þó þau séu ekki kórrett

Kynjun ekki í þessari aðferðafræði.

Bergur. Telur fagh. 2 byggja á efnahagsl. grunni, er einungis skipting á milli viðfanga. Er bara í undirviðfangi þar sem fjallað er um notkun og einnig varðandi hlunnindi þar sem hlýtur að vera tala á bakvið.

Ekki mikið horft á kr. og aura heldur upplifun og innviði.

Vill ítreka að metið er út frá línunum eins og þær eru núna og þær hafa mikil áhrif á ferðapjónustuna.

Þóra Ellen.

Til Björgólfs.

Varðandi Gjástykki og að svæðið væri ekki merkilegt. Getur verið að ráðherra og jarðfræðingar meti það þannig að einhverjir eiginleikar séu þannig að það eigi að friða þeirra vegna en sér ekki að þar af leiðir að það sé konflikt að það lendi neðar hjá okkur. Björgólfur segir þetta vera túlkað svona út í þjóðfélaginu og menn skilji þetta ekki.

Vísar í mat Ní í 10 sæti og 11 hjá RA.

Varðandi grundvöll að það séu virkjanir en ekki náttúruvernd. Hefur aldrei átt að túlka þetta sem útgangspunkt í náttúruverndaráætlun. Má ekki túlka að þetta verði einskyns nýtt.

Förum hring eftir hring varandi verndanir. Vinnum eina og eina orrustu og það er eins og það sé ekki hægt að virða það að ákv. svæði verði friðuð og það virt.

Markið á vitlausum stað.

Jafnvægi ekki verði til milli þeirra sem vilja virkja og þeirra sem vilja vernda.

Stór fyrirtæki með mikla peninga annars vegar og hins vegar fjárvana samtök og einstaklingar sem ekki hafa getað fjármagnað þá baráttu.

Óheppilegt hvernig samfélög klovna og telur ekki hafa verið staðið með farsælum hætt að ákvarðanatöku.

Telur að hægt væri að taka landslagið og upplifun, fagurfræði, landslaga sem vekur tilfinningar hjá fólki.

Fágætisgildi breytist við hvern kost sem er nýttur en matið í heild miðast við að hver kostur sé sá næsti.

### **Mörður**

áhrifa svæði faghóps þrjú

í ferðamenskumatinu eru ákv. skammtímasjónarmið í gildi

þar ræðst matið af skammtímasjónarmiðum sem ekki er lagt mat á í hópi 3.